



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/1580**  
**komudagur 8.4.2014**

Alþingi, nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 28. mars 2014  
1403261 MLJ

**Efni: Þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildarviðræður, 344. mál**

Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar þann 27. mars sl. var eftirfarandi tekið fyrir:


Lagður fram tölvupóstur nefndasviðs Alþingis dags. 20. mars 2014 þar sem óskað er eftir umsögnun um tillögu til þingsályktunar um að halda ráðgefandi þjóðaratkvæðageiðslu um aðildarviðræður. Umsagnarfrestur er til 8. apríl nk.

*Bæjarráð vísar til samþykktar bæjarstjórnar á bæjarstjórnarfundi þann 19. mars sl.*

*Bæjarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins vísa til bókunar sinnar á sama fundi.*

Virðingarfyllst,

Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
verkefnisstjóri



Hafnarfirði, 28. mars 2014  
1403130 MLJ

## Samþykkt Bæjarstjórnar Hafnarfjarðar frá 19. mars sl.:

"Bæjarstjórn Hafnarfjarðar skorar á Alþingi að tryggja aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu.

Í samræmi við gefin fyrirheit verði dregin til baka tillaga um að viðræðum verði slitið og ákvörðun um framhald þeirra sett í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þannig getur ríkisstjórnin lagt sitt af mörkum til þess að skapa sátt í samfélaginu, unnið gegn sundurlyndi og tortryggni um leið og dregið er úr pólitískri óvissu í íslensku þjóðlífi.

Sömuleiðis tekur bæjarstjórn undir samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 28. febrúar sl. þar sem stjórnin hvetur til þess að Alþingi tryggi sveitarfélögum í landinu ráðrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri vegna málsins".

Greinargerð: Eins og fram kemur í greinargerð sem unnin var fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga um áhrif Evrópusambandsaðildar á íslenska sveitarstjórnarstigið er ljóst að áhrif aðildar á íslensk sveitarfélög yrðu umtalsverð. Þó er ekki hægt að segja nákvæmlega fyrir um heildarávinning sveitarfélaga fyrr en niðurstöður aðildarviðræðna liggja fyrir.

Þá hafa íslensk sveitarfélög, meðal annars Hafnarfjarðarbær, verið í forystu um aukið lýðræði og beina þátttöku kjósenda í stórum og mikilvægum ákvörðunum sem varða samfélagið í heild og hagsmuni þess. Þannig tryggði bæjarstjórn Hafnarfjarðar á sínum tíma íbúum bæjarins beint og milliliðalaust lýðræði með því að setja inn í samþykktir bæjarins heimild til að setja þýðingarmikil mál í dóm kjósenda. Að baki þeim breytingum lá það grundvallarsjónarmið að undirstaða trausts sambands almennings og stjórn mála væri gagnkvæmni, að forsenda trausts almennings til stjórn mála sé að stjórn málin treysti fólkinu.

Telur bæjarstjórn að hér sé um svo stórt hagsmunamál að ræða að eðlilegt sé að þjóðin fái aðkomu að ákvörðun um framhald þess.

## ***Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram eftirfarandi bókun::***

***"Mikilvægt er að sem breiðust sátt verði um næstu skref í aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið. Þingsályktunartillagan um að slíta aðildarviðræðum er hins vegar ekki verkefni sveitarstjórnarstigsins heldur viðfangsefni Alþingis og ríkisstjórnar. Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins skora á og treysta því að kjörnir fulltrúar á þeim vettvangi leiði málið til lykta svo sátt megi nást um."***

*Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti fyrirbyggjandi tillögu með 6 atkvæðum en 5 sátu hjá.*